

HÚSÖNDIN



25. tbl. 3. árg.
15. júlí 2020

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 16. - 22. JÚLÍ

- 16.7. Birna Björnsdóttir, Þórhallur Geir Arngrímsson
- 18.7. Soffía Kristín Björnsdóttir, Pavla Horníková
- 19.7. Benedikt Þór Guðmundsson
- 20.7. Jóhann Ingvarsson, Andri Karlsson
- 21.7. Sólveig Illugadóttir



Þorsteinn Aðalsteinsson
Geiteyjarströnd ll Mývatnssveit
lést 6. júlí sl.
Útförin fer fram frá Reykjahlíðarkirkju
laugardaginn 18. júlí kl: 14:00
Sigurlína Helgadóttir og börn

HÚLLADÚLLAN KYNNIR

Sumarsirkus Húlladúllunnar í Mývatnssveit

Húlladúllan heimsækir Skútustaðahrepp dagana 20–24. júlí með stórskemmtilegt sirkusnámskeið fyrir börn, sex ára og eldri. Námskeiðið inniheldur allskonar skemmtilegar sirkuslistir og við lærum einnig sviðsframkomu, trúðaleiklist og atríðagerð. Í lok námskeiðs setjum við saman litla sýningu fyrir fjölskyldu og vini.

Aldur: 6 ára og eldri

Tímabil: 20. –24. júlí 2020


Klukkan 10:00 – 14:00

Kennslustaður: Íþróttahúsið Reykjahlíð

Verð: 20.000

Fjölskylduafsláttur: 10%

Skráning: www.hulladullan.is eða hulladullan@gmail.com





Skútustaðahreppur

Hólasandslína 3 Framkvæmdaleyfi

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefur samþykkt veitingu framkvæmdaleyfis vegna **Hólasandslínu 3**, 220 kV háspennulínu.

Framkvæmdaleyfið er gefið út á grundvelli mats á umhverfisáhrifum og framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023 og deiliskipulag tengivirkis á Hólasandi.

Matsskýrslu framkvæmdarinnar ásamt viðaukum, umsögnum sérfræðinga og álit Skipulagsstofnunnar um mat á umhverfisáhrifum frá 19. september 2020 er að finna á eftirfarandi vefslóð:

<https://www.skipulag.is/umhverfismat-framkvaemda/gagnagrunnur-umhverfismats/alit-skipulagsstofnunar/nr/922#alit>

Skilyrði Skipulagsstofnunar og Skútustaðahrepps fyrir leyfisveitingu:

Í álit frá Skipulagsstofnun dags. 19. september 2020 koma fram þau skilyrði sem Skipulagsstofnun. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps tekur undir þau skilyrði sem þar koma fram og setur fram nauðsynlegar mótvægisáðgerðir í greinargerð meðfylgjandi framkvæmdaleyfinu.

Nánari upplýsingar um útgáfu framkvæmdaleyfis og forsendur þess er að finna á heimasíðu sveitarfélagsins.

Vakin er athygli á því að niðurstaða sveitarstjórnar er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar.

Guðjón Vésteinsson
Skipulagsfulltrúi

Kæru sveitungar,
Jarðböðin loka kl. 20:00
fimmtudaginn 16. júlí.

Kær kveðja úr Jarðböðunum



Mikið átak hefur unnist í eyðingu kerfils og lúpínu hér í sveit síðustu sumur. Margar hendur vinna létt verk og því biðlum við til allra íbúa sveitarinnar að fylgjast vel með nærumhverfi sínu. Hjálpumst öll að við að ná því markmiði að eyða ágengum tegundum.

Alaskalúpína - leiðbeiningar:

.....

Reyting - Stakar plöntur

Best er að fjarlægja stakar plöntur með því að rífa þær upp með rótum. Mikilvægt er að gera það áður en fræ ná að þroskast. Til að koma í veg fyrir rótarskot þarf að fjarlægja og eyða plöntunum.

Sláttur - Breiður

Best er að slá lúpínuna í upphafi blómgunar. Þá er forðinn í rötinni minnstur og mestar líkur á að drepa plöntuna.

Til að hefta útbreiðslu stórra breiða er best að slá þann jaðar sem æskilegast er að stoppa fyrst.

Endurtaka þarf slátt að ári og slá þá aðeins stærra svæði inn í breiðuna og svo koll af kolli.

Mikilvægt er að:

- Koma í veg fyrir frekari dreifingu Alaskalúpínu með því að eyða strax stökum plöntum og smáum breiðum.
- Fjarlægja plöntur við vötn, ár og læki til að koma í veg fyrir að fræ dreifist með vatni.
- Fjarlægja plöntur í vegköntum til að koma í veg fyrir að fræ dreifist með bilum.
- Koma í veg fyrir að fræ berist með jarðvinnsluvélum milli svæða.
- Skrá staðsetningu stakra plantna og fylgjast með hvort þær hafi náð að sá sér og dreifa fræjum í kring.
- Best er að eyða unglöntum jafnóðum.

Sveitarfélagið, með aðkomu annarra aðila, hefur ráðið verkefnisstjóra við þetta verkefni og er það Valerija Kiskurno. Hún veitir frekari upplýsingar og ráðleggingar varðandi þetta málefni, netfangið hennar er valerija.kishkurno@gmail.com og símanúmer 8634436

- Nefnd um ágengar plöntur



Skógarkerfill - leiðbeiningar:

.....

Fjarlægja og drepa einstakar plöntur

- Best er að taka plönturnar upp á vorin þegar þær eru mjög litlar. Þá þarf að stinga upp ræturnar og fjarlægja þær. Stundum getur verið nóg að stinga rótina í sundur til að drepa plöntuna. Á fyrsta ári er ein stólparót en eldri plöntur geta verið umkringdar unglöntum með sjálfstæðum smárótum utan á rótarhálsinum.
- Þegar blómstrandi skógarkerfilsplanta er stungin upp bregst hún við með því að draga næringu úr rótum og stönglum og leggja alla orku í að þroska fræin. Því er mikilvægt að klippa blómin af stönglinum eftir að hún er stungin upp svo hún nái ekki að mynda fræ.

Sláttur

- Til að ná árangri þarf að slá milli blómgunar og frælosunar. Fjarlægja þarf slægjuna til að koma í veg fyrir frekari aukningu næringarefna í jarðvegi.
- Sláttur kemur í veg fyrir fræmyndun það árið en það er möguleiki á að kerfillinn þétti sig við slátt og nýjar plöntur vaxi upp af rótinni með hliðarvexti.

Beit

- Beit sauðfjár og hrossa getur dregið úr og takmarkað útbreiðslu kerfils en beita þarf vor eða snemmsumars þegar plantan er að koma upp. Ekki þýðir að beita sauðfé í fullvaxnar breiður.
- Gæta þarf að því að búfénaður dreifi ekki fræjum sem festast auðveldlega í ull og hárum.

Sláttur og beit geta komið í veg fyrir frekari útbreiðslu stærri breiða af skógarkerfli.

Mikilvægt er að:

- Koma í veg fyrir frekari dreifingu skógarkerfils með því að eyða strax stökum plöntum og smáum breiðum.
- Fjarlægja plöntur við vötn, ár og læki til að koma í veg fyrir að fræ dreifist með vatni.
- Fjarlægja plöntur í vegköntum til að koma í veg fyrir að fræ dreifist með bílum.
- Koma í veg fyrir að fræ berist með jarðvinnsluvélum milli svæða.
- Skrá staðsetningu stakra plantna og fylgjast með hvort þær hafi náð að sá sér og dreifa fræjum í kring. Best er að eyða unglöntum jafnóðum.



SKÚTUSTAÐAHREPPUR